

Akureyrarbær  
Skipulagssvið b.t. Maríu Markúsdóttur  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Reykjavíkurlugvelli, 11. janúar 2022  
INN2112012KA

### **Efni: Umsagnarbeiðni - Skipulagslýsing - Tónatröð og Spítalavegur Akureyri**

Vísað er til tölvupósts skipulagssviðs Akureyrarbæjar frá 21. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á Aðalskipulagi 2018 – 2030 í tengslum við áform um uppbyggingu við Tónatröð og Spítalaveg.

Breytingin felst í því að í stað einbýlishúsalóða komi fimm fjölbýlishús sem standi allt að 4 hæðir upp úr landi þeim megin sem jarðvegur er hærrí á lóð.

Félagið hefur skoðað skipulagið með hliðsjón af flugöryggissjónarmiðum. Húsin virðast standa í hæð sem er ca. 33 – 45 m.y.s. Áætla má að hæð húsa gæti verið um 12 m. upp fyrir landhæð þar sem hún er hærrí þannig að hæð húsa má áætla um 57 m.y.s. Miðað við ofangreindar forsendur hafa byggingarnar á umræddum stað ekki áhrif á flugferla á Akureyrarflugvelli og því gerir félagið ekki athugasemd við umrædda skipulagsbreytingu.

Félagið óskar eftir því að ef breytingar verði á hæð eða staðsetningu húsa sem hafi áhrif á ofangreint áður en deiliskipulag er auglýst þá sé leitað umsagnar félagsins að nýju.

Virðingarfyllt,  
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Karl Alvarsson  
Yfirlögfræðingur

Afrti sent til Samgöngustofu